



8. fundargerð loftslags- og umhverfisnefndar. Haldinn á Teams, 5. maí 2023 kl. 20.00

Mætt til fundar:

Hannes Ólafur Gestsson, Ísak Jökulsson, Gunnhildur Valgeirsdóttir, Haraldur Ívar Guðmundsson og Hrönn Jónsdóttir

Fundargerð ritaði Hannes Ólafur Gestsson

1. Sorpmál

Ruslatölur fyrsta ársfjórðungs þessa árs bornar saman við seinustu ár. Hugmynd um að hafa uppfærðar myndrænar magntölur opinberar á heimasíðu sveitarfélagsins. Nefndin hvetur íbúa sveitarfélagsins til að reyna að draga úr almennu sorpi hjá sér með því að flokka vel, en með því að flokka vel geta sparast miklir fjármunir fyrir sveitarfélagið.

2. Loftlagsstefna

Máli frestað þangað til vinna með SASS fer af stað.

3. Gögn í Gauk

Senda þarf textann um ágengar jurtir í Gaukinn.

4. Umhverfisviðurkenning

Eitt af hlutverkum loftslags- og umhverfisnefndar er að veita umhverfisviðurkenningu. Umræður mynduðust um þá viðurkenningu og ákveðið að klára þá umræðu síðar.

Næsti fundur ákveðinn þriðjudaginn 30. maí kl. 20:00. Á Teams

Fundi slitið kl. 21:00

Undirritunarsíða

Gunnhildur Fjóra Valgeirsdóttir

Haraldur Ívar Guðmundsson

Hannes Ólafur Gestsson

Ísak Jökulsson